

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði A. Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins og Kolfinnu Jóhannesdóttur frá Náttúruverndarráði. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Landgræðslu ríkisins, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun og Skógrækt ríkisins.

Með frumvarpinu er lagt til að Náttúruverndarrád verði lagt niður og að gerðar verði breytingar á ákvæðum laganna til samræmis við það. Jafnframt er lagt til að í stað náttúruverndarþings boði umhverfisráðherra reglulega til umhverfisþings sem hafi mun víðtækara hlutverk en það fyrrnefnda. Náttúruverndarþing var síðast haldið í lok janúar 2000. Samkvæmt því ætti að boða til næsta náttúruverndarþings í lok janúar 2002. Nefndin telur æskilegt að umhverfisþing verði haldið á yfirstandandi kjörtímabili.

Frá því að núverandi Náttúruverndarrád hóf störf árið 1997 hafa orðið miklar breytingar á umfjöllun og þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál. Starfsemi Náttúruverndar ríkisins hefur eflst á þessum tíma og hefur hún að mörgu leyti sinnt því ráðgjafarhlutverki sem Náttúruverndarráði var ætlað með lögunum. Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur einnig aukist verulega undanfarið og skarast hlutverk hennar einnig nokkuð við ráðgjafarhlutverk Náttúruverndarráðs. Þá ber þess að geta að frjáls félagasamtök hafa tekið í vaxandi mæli þátt í umfjöllun um umhverfismál og það er almenn skoðun og samrýmist hugmyndum nefndarinnar að frjáls félagasamtök um umhverfismál hafi það hlutverk að halda uppi gagnrýnni umræðu sem nýtist stjórnvöldum í stefnumótun og ákvarðanatöku um umhverfismál.

Með frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að ekki verði lengur starfrækt sérstakt ráðgefandi ráð um náttúruverndarmál en í stað þess verði samskipti stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka styrkt og þeim fundinn skýr farvegur. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er þetta í raun mjög í samræmi við þróun annars staðar og nægir í því sambandi að nefna samning um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum sem skrifað var undir í Árósum 1998.

Umhverfisnefnd óskaði nýverið eftir upplýsingum frá umhverfisráðuneyti um stöðu mála varðandi fullgildingu Árósasamningsins sem lagður var fyrir Alþingi til fullgildingar á 126. löggjafarþingi í formi þingsályktunartillögu. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er málið nú í athugun hjá umhverfis-, utanríkis- og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Umhverfisráðuneytið leggur áherslu á að þessari vinnu verði lokið sem fyrst og stefnt er að því að leggja samninginn og þær lagabreytingar sem nauðsynlegar reynast fyrir Alþingi á vorþingi 2002.

Undanfarin ár hefur Náttúruverndarráði verið tryggð fjárveiting á fjárlögum til rekstrar ráðsins. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að sá hluti þeirra fjármuna, ásamt öðrum fjármunum sem ætlaðir eru til úthlutunar til félagasamtaka fari í safnliði í fjárlagafrumvarpi næsta

árs. Nefndin mun á yfirstandandi þingi gera tillögur um hvernig ákvörðun um fjárframlög til frjálsra félagasamtaka verði háttað í framtíðinni. Í þeim tillögum yrði m.a. höfð hliðsjón af eðli starfsemi viðkomandi félaga og umfangi þeirra og jafnræðis gætt við úthlutun.

Það er mat nefndarinnar að breyting sú sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins á 2. másl. 2. mgr. 47. gr. laganna lúti eingöngu að orðalagi þótt ummæli í athugasemdum og greinargerð með frumvarpinu bendi til annars.

Umhverfisnefnd komst að þeirri niðurstöðu að gera þyrfti ýmsar breytingar á fyrirbyggjandi frumvarpi sem og á lögnum sjálfum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til nauðsynleg breyting á 1. gr. til samræmis við aðrar breytingar í þeirri grein. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að hugtakið búsvæði komi fyrir í þremur greinum laganna, 60., 66. og 68. gr. Hið rétta er að það kemur fyrir í sex greinum laganna, þ.e. einnig í 3., 50., og 53. gr. Því eru einnig lagðar til breytingar á þremur síðasttöldu greinunum þannig að notkun hugtakanna verði færð til samræmis við orðanotkun stofnana hér á landi á sviði náttúrufræða og til samræmis við orðanotkun í alþjóðasamningum og alþjóðavinnu.
2. Á 4. gr. frumvarpsins er lögð til orðalagsbreyting sem ætlað er að taka af allan vafa um að til umhverfisþings verði boðað að loknum hverjum alþingiskosningum.
3. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein þar sem gerðar eru nauðsynlegar breytingar á tilvísunum í 14. og 20. gr. laganna vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins.
4. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein þar sem númer á girðingarlögum í 2. mgr. 23. gr. laganna er fellt niður. Ástæða þessa er sú að frumvarp til nýrra heildarlaga um girðingar bíður nú 2. umræðu í þinginu. Með því að fella út númer laganna yrði með tilvísuninni í 23. gr. laganna átt við þau girðingarlög sem í gildi eru á hverjum tíma.
5. Í 5. gr. frumvarpsins (er verður 7. gr.) hefur orðinu „landslagsgerðir“ í 1. mgr. 37. gr. laganna verið breytt í „jarðmyndanir og vistkerfi“ Hér er lagt til að sambærilegar breytingar verði einnig gerðar í 2. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 47. gr. laganna. Þessar breytingar eru gerðar til samræmis við þróun sem orðið hefur í vinnu við hugtakanotkun bæði hér á landi og erlendis. Orðnotkun er þannig færð til samræmis við það sem notað er í vinnu stofnana á sviði náttúrufræða og í alþjóðasamningum og alþjóðavinnu.
6. Breyting sú sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins (er verður 8. gr.) lýtur einungis að orðalagi og er henni ætlað að einfalda það og skýra.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gunnar Birgisson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2001.

Magnús Stefánsson,  
form., frsm.

Katrín Fjeldsted.

Jóhann Ársællsson,  
með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir,  
með fyrirvara.

Drífa Hjartardóttir.

Hjálmar Árnason.